

## **202. Stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands bs.**

**2. maí 2011, kl. 10:00 á Austurvegi 56.**

Mætt: Gunnar Egilsson, Gunnar Þorgeirsson, Ari Thorarensen, Aldís Hafsteinsdóttir, Gunnsteinn Ómarsson og Guðmundur Tryggvi Ólafsson.

### **1. Endurskoðuð fjárhagsáætlun 2011.**

Stjórn fjallaði um tillögur sem lagðar voru fram á fundinum. Ljóst er að mikil minnkun er orðin á sorpmagni sem kemur af svæðinu, tekjur SOS hafa minnkað af sömu ástæðu. Stjórn telur mikilvægt að ná jafnvægi í rekstri SOS en við endurskoðun fjárhagsáætlunar kemur fram að tap ársins 2011 gæti orðið allt að 39 milljónir að óbreyttu. Með hækkun umsýslugjalds um 2 kr/kg yrði niðurstaðan tæplega 20 milljón kr tap, en í samþykktri fjárhagsáætlun fyrir árið 2011 er gert ráð fyrir 24 milljón króna tapi.

Samþykkt að hækka umsýslugjald um 2 kr/kg án vsk. Umsýslugjald verður þá 2.78 kr/kg án vsk. frá 1. júní 2011.

### **2. Upplýsinga- og samráðsfundur 10. maí.**

Dagskrá fundarins inniheldur eftirfarandi: Ársreikningur SOS 2010, endurskoðuð fjárhagsáætlun 2011, gjaldskrá 1. júní 2011. Stjórn mun einnig gera grein fyrir framtíðaráformum SOS.

Aðildarsveitarfélögin hafa verið boðuð til fundarins.

### **3. Bréf frá UST.**

19. apríl varðandi útstreymisbókhald.

19. apríl varðandi grænt bókhald.

7. apríl varðandi skil gagna um magn og tegundir.

Framkvæmdastjóra falið að svara erindum.

### **4. Önnur mál – engin**

Næsti fundur ákveðin 10. maí kl 15:00

Fundi slitið 11:34